




Skáli Ferðafélags Íslands Valgeirsstaðir Norðurfirði



Svæðið, þjónusta og aðstaða

The area, service and facilities



Vinsamlegast hafið samband við skálavörð þegar þið komið á svæðið

Please contact wardens when you arrive



Valgeirsstaðir sumarið 1972

Ágrip af sögu Valgeirsstaða eftir Hrafn Jökulsson

Valgeirsstaðir í Norðurfirði geyma mikla sögu. Í janúar 1916 varð stórbruni á Melum. Þar brann íbúðarhúsið með viðbyggðri hlöðu og fjósi. Eftir stóðu hjónin Elísabet Karólína Sveinsdóttir frá Naustvik og Steindór Halldórssón frá Melum með ellefu börn. Tveimur árum síðar, fullveldisárið 1918, var hafin bygging á nýju húsi og mjög vandad til verka. Var það timburhúsið með járnþaki, en þá voru moldarbæir víðast en þó risin stórhýsi í Ófeigsfirði og á Dröngum. Smíður að húsinu var Sigurður Bjarnason, fjölhæfur hagleiksmaður sem drukknaði í hörmulegu sjóslýsi með Eir á Faxaflóa 1926 og með honum fjórir aðrir ungar menn úr Árneshreppi.

Steindór lést skömmu eftir að húsið var fullbyggt, 1921, aðeins 55 ára að aldri. Elísabet flutti til Ísafjarðar, en sum af börnunum þeirra hjóna lifðu alla ævi í Árneshreppi. Húsið var selt á uppboði, og voru kaupendur Valgeir Jónsson frá Eyri og Sesselja Gísladóttir frá Norðurfirði. Það var síðan rífið og flutt sjóleiðina yfir í Norðurfirði og endurreist undir stjórn Njáls Guðmundssonar á Njálsstöðum, sem var smíður að mennt.

Valgeir og Sesselja byrjuðu búskap í Norðurfirði 1895 og eignuðust átján börn á tuttugu og einu ári. Þau fluttu inn í endurbyggt húsið árið 1923 ásamt fjórtán börnum. Síðar fæddust mörg barnabörn á Valgeirsstöðum en alls er talið að þrettán börn hafi fæðst í húsinu. Frá þeim hjönunum er mikill ættbogi.

Valgeirsstaðir hafa þannig margvíslegt sögulegt og menningarlegt gildi. Húsið sjálft er til vitnis um þá byltingu í húsnæðismálum Íslendinga sem varð upp úr aldamótunum 1900 og miklu gildir líka að saga kynslóðanna á Valgeirsstöðum vel varveitt.

Hér bjuggu Sveinbjörn Valgeirsson og Sigurrós Jónsdóttir frá 1937 til 1976 en seldu jörðina til Sveinbjörns Sveinbjörnssonar og Ingibjörgar Skuladóttur árið 1976. Þau bjuggu hér og byggðu frekar upp, þar til þau seldu Ferðafélagi Íslands jörðina árið 1994.



Sveinbjörn Valgeirsson og Sigurrós Jónsdóttir. Bjuggu hér frá 1937 til 1976.



- Skáli Ferðafélagsins
Upplýsingar og afgreiðsla
- Fjárhúsið - samkomusalur og salerni tjaldgеста
- Tjaldstæði
- Grillhúsið
- Bílastæði



Þeir sem pantað hafa pláss hafa forgang að nýtingu skálans og tjaldstæða



Skálar Fí eru skjól á fjöllum og öllum opnir á meðan þar er laust gistirými



Tjaldið aðeins á merktum tjaldsvæðum



Takið með ykkur rusl



Gangið frá skálanum og svæðinu eins og þið viljið koma að því sjálf



Sýnið öðrum gestum fyllstu tillitssemi



- The FÍ hut.
Information and desk.
- The sheep shed, social housing and restroom for camping guests
- Camping ground
- The barbeque house
- Parking



Those who have booked in advance have a priority to the hut and camping grounds



FÍ/ITA huts are a shelter in the interior and are open to all as long as there are free places



Do not camp outside designated camp grounds



Take all garbage with you



Cleanliness is a virtue. Leave the place in the same condition as you would expect to find it upon arrival



Guest; please, show each other full considerations

Ferðumst af öryggi á Ströndum Hike Strandir safely



HÆTTA Á GRJÓTHRUNI
LOOSE ROCKS



ÞOKA
FOG



AUÐVELT AÐ VILLAST
EASY TO GET LOST



Hafið þetta í huga þegar farið er í gönguferðir:

- Skiljið eftir ferðaáætlun á www.safetravel.is
- Kynnið ykkur veðurspá og miðið ferðaáætlun við hana.
- Ferðist aldrei ein.
- Ábyrgir ferðamenn snúa við áður en það er of seint.
- Vitið þið hvert þið eruð að fara og hvar leiðin endar?
- Þið þurfið öryggisbúnað einnig með í styttri gönguferðir



Consider this before hiking:

- Always leave your travel plan with someone who can react if needed at www.safetravel.is
- Check the weather forecast.
- Never hike alone.
- Responsible hikers know that it is better to turn around too early than too late.
- Do you know where you are going and where the route ends?
- You need safety gear, even in shorter hikes.

112
EMERGENCY
ONE ONE TWO

safe
travel.is
The official source
for safe adventure in Iceland

Skáli Ferðafélagsins að Valgeirsstöðum

Vorið 1994 bauðst Ferðafélaginu að kaupa bæinn Valgeirsstaði. Hér var um stað að ræða sem var ólíkur öðrum skálum félagsins og var um það deilt á sínum tíma hvort þetta væri aðstaða sem hentaði. Húsið var komið til ára sinna og herbergjaskipan á margan hátt óhentug fyrir starfseminna. Að auki fylgdi síðan heljarinnar fjárhús með áfastri hlöðu sem fáiir sau tilgang með fyrir reksturinn. En starfsemin hefur þróast, íbúðarhúsið hefur verið sniðið að þörfum félagsins, fjárhúsið er orðinn vinsæll samkomustaður sveitarinnar og mikilvægi staðarins er í dag óumdeilanlegt, bæði til eflingar ferðabjónustu í Árneshreppi og staðurinn er tilvalinn upphafspunktur ýmissa ferða norður á Hornstrandir og um það heillandi svæði sem hér er að finna í næsta nágrenni með ótal gönguleiðum, sagan við hvert fótímal og einstök náttúra sem hefur vakið marga þá sem hér koma til vitundar um varðveislu gildi umhverfisins á stað sem þessum.

Í desember 2019 gerði hér aftakaveður sem svipti af hluta þaks íbúðarhússins. Félagið lét þetta áfall ekki á sig fá þó húsið væri stórskemmt og strax um vorið hófst endurbygging þess, þannig að í dag er hér mun hentugra hús til starfseminnar en var áður. Vonandi er þetta upphaf að enn öflugra starfi Ferðafélagsins hér í Árneshreppi, bæði íbúum ferðafólki til heilla um okkna framtíð.